

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2012/2000**2002/EES/12/35**

frá 21. september 2000

um breytingu á 4. viðauka við bókun nr. 9 við aðildarlögin frá 1994 og reglugerð (EB) nr. 3298/94 varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. mgr. 11. gr. og 16. gr. bókunar nr. 9 við sömu lög,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í bókun nr. 9,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í bókun nr. 9 er kveðið á um sérstakt fyrirkomulag í tengslum við umferð þungaflutningabifreiða gegnum austurrískt yfirráðasvæði, grundvallað á kerfi umferðarréttinda (umhverfispunktakerfi). Úthlutunarkvarði umhverfispunkta til aðildarríkjanna er gefinn upp í 4. viðauka við bókunina.
- 2) Samkvæmt c-lið 2. mgr. 11. gr. bókunar nr. 9 skal framkvæmdastjórnin samþykka viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 3. lið 5. viðauka við sömu bókun ef gegnumferðir um Austurríki, sem krefjast umhverfispunkta, eru fleiri á einhverju eins árs tímabili en sem nemur 8% umfram þá viðmiðunartölu sem ákvörðuð var fyrir árið 1991.
- 3) Í 3. lið 5. viðauka bókunina er mælt fyrir um reglur til þess að ákvarða endurskoðaðan fjölda umhverfispunkta sem skulu vera tiltækir ef farið er fram úr viðmiðunartölunni frá 1991.
- 4) Á árinu 1999 var farið yfir viðmiðunarmörkin sem ákvörðuð voru í framangreindum c-lið 2. mgr. 11. gr. Beiting útreikningsaðferðarinnar, sem mælt er fyrir um í 3. lið 5. viðauka, mun leiða til heildarfækkunar tiltækra umhverfispunkta.
- 5) Beita skal bókun nr. 9 í samræmi við þau grundvallarréttindi sem staðfest eru með sáttmálanum. Því er mjög brýnt að grípa til ráðstafana er tryggja frjálsa vöruflutninga og óhefta starfsemi innri markaðarins.
- 6) Ef heildarfækkun umhverfispunkta yrði öll látin koma til framkvæmda á árinu 2000 hefði það þau óeðlilegu áhrif að stöðva nánast alla gegnumferð um Austurríki. Af þessum sökum ber að dreifa heildarfækkun umhverfispunkta á árin 2000 til 2003.
- 7) Ennfremur er nauðsynlegt til að meðalhófs sé gætt við fækkun umhverfispunkta að þau aðildarríki, sem áttu hvað stærstan þátt í að farið var fram úr 8% viðmiðunarmörkunum, búi við skerta úthlutun umhverfispunkta svo að tryggt sé að heildarfækkunin náist. Þetta krefst endurskoðunar á þeim lykli sem notaður er við úthlutun umhverfispunkta til aðildarríkjanna.
- 8) Til að tiltækur fjöldi umhverfispunkta nýtist sem best skulu aðildarríkin hvött til þess að skila ónotuðum umhverfispunktum til framkvæmdastjórnarinnar til endurúthlutunar.
- 9) Aukin notkun járnbrauta við vöruflutninga í samsettum flutningum, einkum „Rollende Landstraße“, er umhverfissvænni en vöruflutningar á vegum og kann að draga úr álagi vegna þess fjölda umhverfispunkta sem til ráðstöfunar eru. Stuðla ber að aukinni skilvirkni slíkra flutninga, eins fljótt og auðið er, meðal annars með úttekt á því hvernig bókun fer fram. Fylgjast ber með áhrifum þessarar viðleitni.
- 10) Breyta ber 4. viðauka við bókun nr. 9 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 ⁽¹⁾ til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 241, 26.9.2001, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 19.

(1) Stjtið. EB L 341, 30.12.1994, bls. 20. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1524/96 (Stjtið. EB L 190, 31.7.1996, bls. 13).

- 11) Nefndin, sem komið var á fót samkvæmt 16. gr. bókunar nr. 9, skilaði ekki álit á þeim ráðstöfunum sem koma fram í tillögunni. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við 3. mgr. 16. gr. bókunar nr. 9 og án tafar, leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyta ber 4. viðauka við bókun nr. 9 við lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar sem hér segir:

„Ár 1)	Hlutfall umhverfispunkta 2)	Umhverfispunktar fyrir ES-15 3)
2000	48,5%	11 428 150
2001	47,2%	11 121 897
2002	43,5%	10 250 317
2003	39,6%	9 321 531“

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 3298/94 er breytt sem hér segir:

1. Í stað annarrar undirgreinar 6. gr. komi eftirfarandi:

„Við þær aðstæður, sem kveðið er á um í c-lið 2. mgr. 11. gr., skal fækka umhverfispunktum. Fækkunin skal reiknuð út með aðferðinni sem mælt er fyrir um í 3. lið 5. viðauka við bókun nr. 9. Dreifa ber fækkun umhverfispunktanna, sem þannig er reiknuð, yfir nokkurra ára tímabil.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við 7. gr.:

„3. Á hverju ári skal framkvæmdastjórnin kanna hversu mörgum umhverfispunktum er óráðstafað af þeim sem komu í hlut hvers aðildarríkis og giltu fyrir næstliðið ár en hefur ekki verið skilað til framkvæmdastjórnarinnar 1. febrúar í samræmi við ákvæði 2. mgr. Ef ónotaður fjöldi er yfir 2% af úthlutuðum umhverfispunktum aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin draga samsvarandi fjölda frá úthlutun aðildarríkisins það ár. Þessi fjöldi umhverfispunkta skal bætast við varasjóð Evrópusambandsins fyrir það ár.“

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„14. gr. b

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með aðgerðum Austurríkis og annarra aðildarríkja sem ætlað er að bæta þá þjónustu sem veitt er í samsettum flutningum um Alpafjöll. Skila skal fyrstu skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar á árinu 2001.“

4. Í stað viðauka D komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI D

ÚTHLUTUN UMHVERFISPUNKTA 2000-2003

Land	2000	2001	2002	2003
I	3 789 047	3 688 365	3 401 686	3 076 080
D	3 548 525	3 453 294	3 182 073	2 898 150
A	1 519 487	1 476 911	1 355 433	1 274 152
NL	934 373	909 981	840 560	750 500
GR	455 749	443 800	409 792	366 994
DK	306 414	298 415	275 649	246 115
B	240 765	234 349	216 080	195 793

Land	2000	2001	2002	2003
UK	64 309	62 630	57 852	51 654
S	57 042	55 553	51 315	45 817
F	37 829	36 841	34 031	30 385
LUX	37 829	36 841	34 031	30 385
SF	34 986	34 072	31 473	28 101
E	9 079	8 842	8 167	7 292
IRL	7 566	7 368	6 806	6 077
P	3 026	2 947	2 722	2 431
VARASJÓÐUR ESB	382105	371 688	342 547	311 605
SAMTALS	11 428 150	11 121 897	10 250 317	9 321 531“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. september 2000.

Fyrir hönd ráðsins,

H. VÉDRINE

forseti.
